

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 270/1993.

Gígja Skúladóttir

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Jónasi Kristjánssyni og

Vátryggingafélaginu Skandia hf.

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Skaðabætur. Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1993 og krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér 345.050 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 307.700 krónum frá 10. september 1992 til 26. janúar 1993, en af 345.050 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfufjárhæð verði stórlega lækkuð.

Milli Suðurlandsbrautar og verslunar- og skrifstofuhúsa sunnan hennar liggja tvær akbrautir samsíða henni um svæðið milli Hallarmúla og Vegmúla. Einstefna er á syðri akbrautinni til austurs, en á hinni nyrðri til vesturs. Eru umferðarmerki uppi, sem gefa það til kynna. Bifreiðastæði skilja á milli þessara akbrauta og eru þannig skipulögð, að bifreiðum skal leggja á ská til suðvesturs sunnan megin við nyrðri akbrautina, en á ská til norðausturs norðan megin við hina syðri. Báðar eru akbrautirnar til almennrar umferðar, og bifreiðastæðin eru opin almenningi. Umferð um þær er mikil á verslunartíma og ekki einskorðuð við nýtingu bifreiðastæðanna. Verður að líta svo á, að þessar akbrautir séu hluti af gatnakerfi borgarinnar, þótt hin syðri sé á einkalóð, og vegir samkvæmt skilgreiningu á því orði í 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Á baklóðum húsa sunnan Suðurlandsbrautar á milli Hallarmúla

og Vegmúla eru bifreiðastæði, sem liggja að syðri akbrautinni um þrjú húsasund. Eru þau á milli húsa nr. 4 A og 6, 8 og 10 og 12 og 14. Aðeins verður ekið frá húsasundunum á milli húsa nr. 4 A og 6 og 12 og 14 yfir syðri akbrautina og inn á þá nyrðri. Bifreiðastæðið bak við hús nr. 6 er opið, en baklód húss nr. 4 A er hægt að loka með rafknúnu hliði og takmarka þannig aðgang að henni.

Í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er svohljóðandi umferðarregla: „Nú ætlar ökumaður að aka út á veg af bifreiðastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af gangstétt eða vegaröxl, og skal hann þá veita umferð í veg fyrir leið hans forgang.“

Húsasundið, sem bifreið áfrýjanda var ekið eftir, er nauðsynleg tenging bifreiðastæðanna á baklód húsanna nr. 4 A og 6 við áður nefnda vegi samhliða Suðurlandsbraut og getur ekki talist vegur, er notaður sé til almennrar umferðar eins og þeir. Verður því að meta það svo, að bifreið áfrýjanda, E-793, sem kom umundið frá baklód hússins nr. 6, hafi umrætt sinn verið ekið af bifreiðastæði út á veg. Bar ökumanni hennar því samkvæmt téðri 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga að víkja fyrir bifreið stefnda Jónasar, R-29304, sem ekið var austur syðri akbrautina.

Með skírskotun til þessa ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að í dómsorði hins áfrýjaða dóms er tilgreint nafn fyrirsvarsmanns stefnanda, en ekki hennar sjálfar.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. maí sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 26. janúar sl.

Stefnandi er Kristjana E. Guðbjartsdóttir, kt. 140559-3939, Rjúpufelli 35, Reykjavík, vegna ófjárráða dóttur sinnar, Gígju Skúladóttur, kt. 050384-2849, til heimilis á sama stað.

Stefndu eru Vátryggingafélagið Skandia hf., kt. 681272-0469, Sóleyjargötu 1, Reykjavík, og Jónas Kristjánsson, kt. 280921-3439, Freyjugötu 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 345.050 kr. með dráttarvöxtum af 307.700 kr. skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 10. september 1992 til þingfestingardags 26. janúar 1993, en með dráttarvöxtum af 345.050 kr. skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. janúar 1994, en síðan árlega þann mánaðardag. Að lokum er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati réttarins.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað miðað við hagsmuni málsins, vinnu lögmanns og kostnað, allt að mati réttarins. Til vara krefjast stefndu þess, að dómkröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Miðvikudaginn 15. apríl 1992 kl. 13.53 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um árekstur á húsagötu við Suðurlandsbraut 4–6. Hafði bifreiðinni R-29304 verið ekið austur húsagötu Suðurlandsbrautar, en bifreiðinni E-793 til norðurs götu frá bílastæðum við húsin nr. 4–6 við Suðurlandsbraut. Stefndi Jónas Kristjánsson ók bifreiðinni R-29304, sem tryggt er lögbodinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda, Vátryggingafélaginu Skandia hf., en stefnandi bifreiðinni E-793. Skráður eigandi þeirrar bifreiðar er dóttir stefnanda, Gígja Skúladóttir. Ökumaður R-29304 kvaðst hafa ætlað að aka áfram austur húsagötuna. Hefði hann litið til hægri eftir umferð, en ekki séð til ferða bifreiðarinnar E-793 fyrr en rétt í þann mund, er árekstur varð. Ökumaður bifreiðarinnar E-793 kvaðst hafa ekið frá vinnustað sínum, sem er á bak við húsið nr. 6 við Suðurlandsbraut, og ætlað áfram norður að útkeyrslu við aðalgötu Suðurlandsbrautar. Hefði hann litið eftir umferð „austur húsagötuna“, eins og segir í lögregluskýrslu, en enga séð og ekki vitað, fyrr en árekstur varð með bifreiðunum.

Hinn 7. maí 1992 ritaði lögmaður stefnanda hinu stefnda vátryggingafélagi bréf og krafði félagið um skaðabætur fyrir bifreiðina E-793, sem reyndist ónýtt eftir áreksturinn. Var því bréfi svarað formlega af hálfu félagsins með bréfi lögmanns þess 21. júlí 1992, og hafnaði það bótaskyldu sinni.

II.

Stefnandi reisir málsókn sína á þeim grundvelli, að bifreiðinni R-29304 hafi verið ekið á syðri akbraut á skipulögðu bifreiðastæðasvæði við einkalöð

fasteignanna nr. 4 A og 6 við Suðurlandsbraut hér í borg, en bifreið stefnanda í norðurátt á sama skipulagða bifreiðastæðasvæði á mótum einkalóða ofangreindra fasteigna. Hafi báðar bifreiðarnar verið á einkalóðum áðurgreindra fasteigna, þegar áreksturinn varð. Hafi ökumaður bifreiðarinnar R-29304 átt að veita stefnanda forgang skv. 4. og 5. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og nema staðar við vegamótin, þar sem veginir skerast á nefndu bifreiðastæðasvæði. Þá liggi fyrir viðurkenning ökumanns bifreiðarinnar R-29304 um, að hann hafi ekki gætt nægilegrar varúðar, er hann ók meðfram fasteignunum nr. 4 A og 6 við Suðurlandsbraut. Einnig er haldið fram þeirri málsástæðu, að báðir ökumenn hafi ekið bifreiðum sínum á bifreiðastæðasvæði á einkalóðum áðurgreindra fasteigna í Reykjavík, og því eigi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga ekki við í þessu tilviki. Telji stefnandi, að hin almenna regla, sem fram komi í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, eigi hér við. Það sé hin almenna regla, sem gildi í umferðinni skv. umferðarlögum, og með hliðsjón af almennum lögskýringarsjónarmiðum verði að telja, að skýra beri 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga þröngt. Þá verði að telja, að ekki verði til þess ætlast af ökumönnum, sem aka á opnum bifreiðastæðasvæðum eða á einkalóðum, að þeir þurfi að velkjast í vafa um það, hvernig umferðarrétti sé háttað. Fráleitt sé að halda því fram, að þeir verði að meta þetta á einu andartaki og að aðrar reglur eigi að gilda, þegar verið er að aka á sama bifreiðastæðasvæði, en þegar ekið er úti í umferðinni á eðlilegum akbrautum. Slíkt leiði aðeins til aukinnar hættu í umferðinni, en telja verði, að reglur umferðarlaga séu einmitt til þess fallnar að draga úr hættu í umferðinni. Það sé því skoðun stefnanda, að hinn almenni umferðarréttur, sem fram komi í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, eigi við í þessu tilviki, og því beri stefndu fébótaábyrgð á því tjóni, sem varð á bifreið stefnanda.

Um bótagrundvöll vísar stefnandi til 88. gr. og 90. gr. umferðarlaga og um málshöfðun gegn Vátryggingafélaginu Skandia til 1. mgr. 97. gr. sömu laga. Kröfu um dráttarvexti reisir stefnandi á 15. gr. laga nr. 24/1987, sbr. 10. gr. sömu laga, og er vísað til þess, að hinn 10. september 1992 hafi sannanlega verið liðinn mánuður, frá því að hið stefnda félag hafi fallist á fjárhæð tjóns stefnanda ásamt því að svara upplýsingum um bótaskyldu félagsins. Um höfuðstólsfærslu dráttarvaxta vísar stefnandi til 12. gr. vaxtalaga og um málskostnaðarkröfu til 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína sem hér segir:

Verðmæti bifr. E-793	kr.	80.000
Bætur fyrir afnotamissi í 90 daga × 2.530 á dag	–	227.700
Útlagður kostnaður	–	37.350
Samtals	kr.	<u>345.050</u>

Til rökstuðnings kröfunni um afnotamissi er vísað til þess, að skýr afstaða Vátryggingafélagsins Skandia hf. hafi ekki legið fyrir fyrr en rúmum þremur mánuðum eftir tjónið, og það hafi ekki verið fyrir en þá, sem stefnanda hafi verið ljóst, að hann fengi bifreiðina ekki bættu, og þurft að snúa sér að því að afla annarrar bifreiðar. Þá hafi stefnandi þurft að greiða 37.350 kr. í geymslukostnað og flutning á bifreiðinni E-793; sú greiðsla hafi verið innt af hendi í júní 1992, en reikningur gefinn út 7. desember 1992.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga eigi við í tilvikum sem þeim, er hér um ræðir, og leiði skipulag umferðar um svonefndar húsagötur Suðurlandsbrautar ótvírætt til þeirrar niðurstöðu. Svæðið frá húsunum við Suðurlandsbraut og að aðalgötunni, Suðurlandsbraut sjálfri, hafi verið skipulagt þannig, að þar liggi tvær akreinar með einstefnu í hvora átt, austur og vestur, samsíða aðalgötunni. Milli þessara akreina séu bifreiðastæði. Bak við húsinn við Suðurlandsbraut séu einnig bifreiðastæði, og frá þeim stæðum liggi leiðir að akreinum húsagötunnar við Suðurlandsbraut og þaðan leiðir að sjálfri Suðurlandsbraut. Fráleitt sé að líta svo á, að þær leiðir, sem liggi upp með húsunum, séu jafnréttháar og akreinar húsagötunnar. Þessar leiðir séu ekki annað en inn- og útakstursleiðir bifreiðastæða eða öldungis sambærilegir vegir. Telja stefndu fráleitt, að akstursleiðir þarna við húsinn séu allar jafnréttháar eða að um opið svæði sé að ræða, og ekki ráði úrslitum, hvort hér sé um einkalóðir að ræða eða ekki. Benda verði t. d. sérstaklega á, að akstursleið E-793 skeri leið gangandi vegfarenda eftir gangstéttum, sem liggi meðfram húsunum við Suðurlandsbraut. Ef niðurstaða yrði sú, að stefnandi hefði verið í fullum rétti, sé heimilt að aka rակleitt milli húsanna og að aðalgötunni við Suðurlandsbraut án þess að gæta að umferð. Þetta sé mjög óeðlilegt og stórkostlega varhugavert miðað við aðstæður og myndi valda fleiri slysum en það kæmi í veg fyrir. Einnig verði að benda á, að ökumaður E-793 viðurkenni að hafa litið eftir umferð austur húsagötuna og þar með, að honum hafi verið skylt að gæta varúðar. Stefndu mótmæla því, að ökumaður R-29304 hafi ekki sýnt af sér nægilega varúð. Það sé skoðun stefndu, að alla sök verði að leggja á ökumann E-793, og því beri að sýkna stefndu.

Um varakröfu kveða stefndu aðila sammála um sannvirði bifreiðarinnar E-793, en stefndu telji kröfur fyrir afnotamissi allt of háar, og þá mótmæla stefndu kröfulið vegna útlagðs kostnaðar sem ósönnuðum. Krefji stefnandi um fjárhæð vegna ætlaðs afnotamissis, sem nemi allt að þreföldu sannvirði bifreiðarinnar. Stefndu bendi í fyrsta lagi á, að eigandi bifreiðarinnar hafi ekki leyfi til að aka bifreið og það liggi ekki fyrir, að eigandi bifreiðarinnar

hafi haft neinar tekjur af því einu að eiga bifreiðina. Stefnandi hafi því alls ekki orðið fyrir neinu fjárhagstjóni vegna afnotamissis. Ef talið verði, að stefnanda beri fjárhæð vegna þessa, verði að benda á, að stefnanda hafi verið ljós afstaða stefndu, stuttu eftir að slysið varð. Málið hafi ekki farið fyrir lögmannanefnd bifreiðatryggingafélaganna nema af því, að stefndu hafi hafnað bótaskyldu, og niðurstaða nefndarinnar legið fyrir 26. maí 1992. Stefnanda hafi verið fullkunnugt um þessa meðferð málsins. Auk þessa mótmæla stefndu þeirri fjárhæð, sem krafið er um í bætur fyrir hvern dag, sem allt of hárrí.

Um lagarök vísa stefndu til meginreglna umferðarlaga nr. 50/1987, m. a. 4. gr. og 25. gr. þeirra laga. Um málskostnað vísa stefndu til 130. gr. laga nr. 91/1991.

III.

Við aðalmeðferð málsins fóru dómari og lögmenn aðila á vettvang og könnuðu aðstæður.

Á árekstrarstað háttar svo til, að meðfram Suðurlandsbraut og á milli hennar og atvinnuhúsnæðis sunnan þeirrar götu liggja tvær akbrautir. Á hinni syðri er einstefna í austur, en á hinni nyrðri til vesturs. Við báðar brautirnar eru afmörkuð bifreiðastæði. Umferðareyja er á milli akbrautanna, en skarð í hana gerir kleift að aka þvert yfir akbrautirnar við húsagötuna og út á Suðurlandsbraut. Svo sem hér að framan greinir, ók stefndi Jónas bifreið sinni, R-29304, austur syðri akbraut húsagötunnar. Bifreiðinni E-793 var ekið af bifreiðastæði við húsið nr. 6 við Suðurlandsbraut niður veg í húsasundi til norðurs áleiðis út á Suðurlandsbraut með akstursstefnu þvert yfir fyrrnefndar akbrautir, sem liggja samsíða henni. Engar umferðarmerkingar eru á gatnamótum húsagötunnar og vegarins niður húsasundið. Í máli þessu reynir því á, hvort 3. eða 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eigi við um umferðarrétt á gatnamótunum.

Það er álit dómsins, að eðli sínu samkvæmt megi líkja vegunum frá bifreiðastæðunum á bak við húsagötu þá, sem stefndi Jónas ók, við heimreiðir, sem liggja út á umferðargötu. Í því sambandi má sérstaklega benda á, að vegurinn sker gönguleið vegfarenda, sem sækja þjónustu í húsin meðfram húsagötunni. Þykir því hér í raun vera um að ræða inn- og útakstursleið til og frá bifreiðastæðunum á lóðunum bak við húsin, sem víta út að Suðurlandsbraut. Samkvæmt því verður að telja, að húsagatan sé rétthærri en vegur sá, er ökumaður bifreiðar stefnanda ók greint sinn. Bar ökumanni síðarnefndu bifreiðarinnar þar af leiðandi að víkja fyrir bifreið stefnda Jónasar, sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Það gerði hún ekki og ber því sök á árekstrinum, en af gögnum málsins verður eigi ráðið, að stefndi Jónas hafi

sýnt af sér óaðgæslu við aksturinn umrætt sinn. Með vísan til þessa ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins. Dóminn kvað upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Vátryggingafélagið Skandia hf. og Jónas Kristjánsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Kristjönu E. Guðbjartsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
